

GJALDSKRÁ**Rafveitu Akureyrar.****RAFORKUVERÐ.**

	Fast gjald kr/ár	Aflgjald kr/kW/ár	Orkugjald kr/kWh
Almennir taxtar:			
A1 Almenn heimilisnotkun	2 065,00		5,04
A2 Almenn notkun. Öll almenn notkun ótalin annars staðar	2 065,00		5,73
A3 Mannvirkjagerð	2 065,00		8,11
Afltaxtar:			
B1 Afl- og orkumæling	4 129,00	7 153,00	1,57
B2 Sértaxti 11 kV	4 129,00	6 673,00	1,46/1,31
B3 Afl- og orkumæling	4 129,00	5 722,00	1,25
Hitataxtar:			
C1 Rofin daghitun. Roftími 2×1,30 klst.	4 129,00		2,03
C11 Rofin daghitun. Roftími 2x1,30 klst.	4 129		2,44
C2 Rofin næturhitun. Roftími 15 klst. á tímab. kl. 06 til 24	4 129,00		1,71
C3 Órofin hitun	4 129,00		3,97/2,49

Heimtauggjöld.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Jarðstr. mm ²	Málstr. A.	Heimtaugargjöld	
		220 V kerfi kr.	380 V kerfi kr.
1× 6	25	9 822,00	9 822,00
3× 10	63	36 316,00	36 316,00
3× 50	125	56 943,00	59 790,00
3× 95	200	85 413,00	118 867,00
3×150	260	108 190,00	152 320,00
3×240	315	142 356,00	199 298,00
3×300	400	185 062,00	256 240,00

Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald kr.	Lengdargjald	
		Jarðstrengur kr/m.	Loftlína kr/stólpi
63 A 1-fasa	6 605,00	975,00	12 375,00
63 A 3-fasa	9 248,00	975,00	14 181,00
100 A 3-fasa	9 743,00	1 288,00	16 514,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarkna í jarðstrengsheimtaug, og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarkna í loftlínuheimtaug.

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi, hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Ýmis ákvæði.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar kr. 740,00.
Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 740,00.
3. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunafl á ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.
4. Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innifalinn í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari að undanskildum C-liðum.

Skýringar.

- A1 Taxti fyrir almenna heimilisnotkun. Heimilt er einnig að nota taxtann fyrir sjúkrahús og önnur dvalarheimili.
- A2 Taxti fyrir almenna notkun, sem ekki er getið um annars staðar.
- A3 Taxti fyrir alla skammtímanotkun vinnuvéla, vinnuljósa og annars í sambandi við mannvirkjagerð.
- B1 Iðnaðartaxti. Þar sem vélaafl er að lágmarki 30 kW og nýtingartími minnst 1000 klst. á ári. Þessi taxti er ætlaður sem vélataxti en er þó heimilt í vissum tilvikum að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni og bætist þá við gólfflatargjald, 83,00 kr/m².
Ef sú notkun er óeðlilega stór hluti af heildarnotkuninni, er heimilt að margfalda gólfflatargjaldið samkv. ákvörðun rafveitunnar.
- B2 Taxti fyrir sölu á 11 kV.
- B3 Taxti fyrir dælingu á heitu vatni. Án söluskatts.
- C1 Rofin daghitun. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
- C2 Rofin næturhitun. Straumur er rofinn á tímabilinu kl. 08 til 23.
- C3 Órofin hitun.

Önnur notkun.

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júní 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 266, 30. maí 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 169, 20. mars 1989, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 21. júní 1989.

F. h. r.
Árni Þ. Arnason.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUR

um króm í sementi.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um framleiðslu, innflutning og notkun á sementi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Með sementi er átt við portlandssement, hraðsement, blöndusement og hvers konar innflutt sement og óhörðnuð sementsbundin efni.

3. gr.

Almenn ákvæði.

Sá sem framleiðir eða flytur inn sement skal sjá um að við afhendingu og notkun þess sé innihaldið af vatnsleysanlegu sexgiltu krómi eins lítið og kostur er.

Magn vatnsleysanlegs sexgils króms skal við afhendingu og notkun ekki fara yfir 2 mg/kg þurr sement.

4. gr.

Merkingar.

Sekkjað sement skal við afhendingu vera merkt með upplýsingum um þökkunardag og hversu langan tíma sexgilt króm er innan fyrrgreindra marka. Einnig skal þar koma fram að eftir þann tíma aukist hættan á krómofnæmi við notkun sementsins.

5. gr.

Undanþágur.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágu frá ákvæðum 3. gr. ef sérstakar ástæður mæla með því.

6. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 2. mgr. 51. gr. laga nr 46/1980 og staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júní 1989.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Óskar Hallgrímsson.